



Fundargerð

Fundur í stjórn Hjúkrunar og - dvalarheimilisins Barmahlíðar.
Mánudaginn .5. febrúar 2018, kl. 16.00

Fundarstaður: Fundarsalur í stjórnsýsluhúsinu Maríutröð 5a.

Mætt eru; Karl Kristjánsson varaformaður, Sandra Rún Björnsdóttir og Ágúst Már Gröndal í forföllum
Áslaugar Bertu Guttormsdóttur.

Einnig sátu fundinn Helga Garðarsdóttir hjúkrunarforstjóri og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri
sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 12. október 2017.

Farið yfir fundargerðina.

*Sveitarstjóra falið að hafa samband við Öryrkjabandalagið vegna hugsanlegra kaupa á íbúð.
Samþykkt samhljóða.*

2. Skýrsla hjúkrunarforstjóra.

*Hjúkrunarforstjóri lagði fram skýrslu yfir málefni Barmahlíðar. Hjúkrunarheimilið er fullnýtt eins
og staðan er í dag. Hún fór yfir greiðslur vegna ársins 2017. Skipulögð hefur verið námsferð til
Brighton á næstunni. Þá fór hún yfir hluti sem þarfnast viðhalds bæði innandyra og utandyra.*

3. Kynning og umræður um fyrirhugaðar framkvæmdir í Barmahlíð.

*Hjúkrunarforstjóri fór yfir fyrirhugaðar framkvæmdir á Barmahlíð, í teikningu er stækkun
Barmahlíðar til að mæta auknum kröfum til framtíðar, hugmynd er um viðbyggingu við
Barmahlíð. Voru lagðar fram teikningar af neðri hæð húsnæðisins eins og hún gæti orðið
eftir breytingar.*

Önnur má (ef einhver): Löglega upp borin.

4. Aukið stöðugildi hjúkrunarfræðings við Barmahlíð.

Eftirfarandi tillaga frá hjúkrunarforstjóra.

Ég geri það að tillögu minni að aukið verði vð stöðugildi hjúkrunarforstjóra (hjúkrunarfræðings)
um 50% í 1 ár. Endurskoða eftir þann tíma.

Undirrituð telur að þetta sé nauðsynleg breyting til þess að ná að sinna öllum þeim verkum
sem til falla í starfinu. Vísu líka í nýjan rammisamning sem gerir meiri kröfur um alls kyns

eftirlit og úrbætur sem nást ekki að vinnast vegna anna. Við þurfum að uppfylla vissar kröfur sem er farið að fylgjast betur með og þurfum að gera skil á.

Hjúkrunarforstjóri fylgdi tillögunni eftir. Nokkrar umræður urðu um tillöguna.

Sveitarstjóra falið að leggja fram hugsanlegan kostnað við slíka skipulagsbreytingu. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:15
